



**9. bekkur - námsgrein: ÍSLENSKA - kennari: Sigríður Alma Axelsdóttir, Sigríður Helga Þorsteinsdóttir
- tímafjöldi: 6 stundir á viku**

Námsgögn: Útbrot; Gullvör (málfræði og stafsetning); Gunnlaugs saga; kjörbækur; Með fjaðrabliki, efni frá kennara.

Handbækur: Skrifinnur (handbók í stafsetningu); Málvísir (handbók í málfræði) o.fl. eftir atvikum.

Gagnlegar vefsíður:

malid.is (vefgátt sem dregur fram allar tiltækar upplýsingar um það orð sem leitað er að).

snara.is (vefgátt með fjölda orðabóka og uppflettirita).

skolavefurinn.is

Lykilhæfni:

Samkvæmt aðalnámskrá er viðmið um lykilhæfni í fimm liðum: 1. Tjáning og miðlun: Hæfni til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega eða á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu sinni og leikni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum. 2. Skapandi og gagnrýnin hugsun. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu. 3. Sjálfstæði og samvinna. Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. 4. Nýting miðla og upplýsinga. Hæfni til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnin hátt. 5. Ábyrgð og mat á eigin námi. Hæfni til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Leitast er við að skapa hvetjandi og styðjandi aðstæður í kennslustundum til koma þessum þáttum til leiðar.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.



Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda.

Í meginráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti;

- í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggjast á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.
- með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluáætlun og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluáætlunir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluáætlun	Námsmat
Almennt: Óbeygjanleg orð. Málfræðifyrirlit (upprifjun), orðhlutafræði, málsaga, málnotkun. Stafsetning og ritun. Bókmenntahugtök og beiting þeirra við lestur þeirra bókmennta sem fengist er við hverju sinni.	Hæfniviðmið fyrir íslensku eru í aðalnámskrá sett fram í fjórum þáttum. Þeir eru: Talað mál, áhorf og hlustun; lestur og bókmenntir; ritun; málfræði. Nánar hér á eftir og í námskrá Landakotsskóla.	Bein kennsla og verkefnavinna af ýmsu tagi. Nemendur fá að jafnaði leiðsagnarmat fyrir verkefnavinnu, þ.e. matsblöð þar sem hæfniviðmið eru tilgreind.	Símat í formi prófa, einstaklings- og hópverkefna af ýmsu tagi. Nemendur fá einnig tækifæri til að spreyta sig á jafningjamati.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2023-2024

Talað mál, áhorf og hlustun	<p>Að nemandi:</p> <p>Geti tjáð sig á góðu máli í umræðum og frammi fyrir hópi, gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt mál sitt.</p> <p>Tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er á upplestur sem og í umræðum.</p>	<p>Nemendur segja frá verkefnum, æfa virka hlustun og taka þátt í samtali um bókmenntir og íslenskt mál.</p> <p>Myndefni eftir atvikum, s.s. fræðslumyndir um Íslendingasögurnar, þættir um íslenskt mál, o.fl.</p>	<p>Ekki er gefin sérstök einkunn fyrir framsögn en hún metin sem hluti af einkunn í kynningarverkefnum nemenda.</p>
Lestur og bókmenntir	<p>Að nemandi:</p> <p>Geti lesið, metið og túlkað mismunandi bókmenntatexta og fjallað um þá munnlega og skriflega.</p> <p>Geti lesið sér til ánægju og fróðleiks með góðum hraða og af skilningi og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á nemandann.</p> <p>Geti beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði og bragfræði til skilningsauka og umfjöllunar um texta.</p> <p>Auki orðaforða sinn og skilning á mikilvægi ríkulegs orðaforða.</p> <p>Geti aflað sér upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum með gagnrýnu hugarfari og lagt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.</p>	<p>Bein kennsla, lestur, umræður um þær bókmenntir sem eru til umfjöllunar hverju sinni.</p> <p>Nemendur læra að beita hugtökum bókmenntafræðinnar við umfjöllun sína um bókmenntir.</p> <p>Vinna úr bókmenntum á skapandi hátt með ýmiss konar verkefnavinnu, s.s. myndbandsgerð, þrívíddarverkefnum, teiknimynd, leikefni o.fl. allt eftir áhugasviði hvers og eins. Undanfari slíkra verkefna er handritsgerð þar sem reynir á skilning á efninu.</p>	



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2023-2024

Málfræði og málnotkun	<p>Að nemandi:</p> <p>Geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu.</p> <p>Geti flett upp orðum í orðabókum og gagnabrunnum um tungumálið.</p> <p>Þekki alla orðflokka og undirflokka þeirra, beygingarleg og merkingarleg einkenni þeirra og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta. Tileinki sér hugtök í setningafræði og mismunandi flokka setninga.</p> <p>Skilji mikilvægi þess að lesa fjölbreytta texta til að auðga orðaforða sinn og málbeitingu. Geti notað algeng orðtök og málshætti til að auðga mál sitt.</p> <p>Kunni nokkur skil á málsögu og mállýskum.</p>	<p>Bein kennsla og verkefnavinna nemenda.</p> <p>Umræður um tungumálið, ekki síst um orðaforðann og sköpunarkraft hans.</p>	
Ritun	<p>Að nemandi:</p> <p>Þekki allar helstu stafsetningar- og greinarmerkjarreglur og geti beitt þeim.</p> <p>Geti skipulagt efni og sett það fram í rökréttu samhengi. Kunni skil á byggingu ritsmíða og að setja greinaskil á viðeigandi staði. Geti orðað mismunandi texta svo sem hæfir efninu og samið texta af ólíku tagi, svo sem endursagnir, stíllitgerðir, bókmenntaritgerð o.fl. og vísað rétt til heimilda.</p>	<p>Bein kennsla og persónuleg leiðsögn.</p> <p>Nemendur vinna ýmis ritunarverkefni í tengslum við aðra námsþætti.</p> <p>Ein stafsetningaræfing, og verkefni í tengslum við hana, á viku (Finnur II).</p>	<p>Stafsetningarpróf, bókmenntaritgerð og tímaritgerðir.</p>



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2023-2024

Annaráætlun haustið 2022				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
22.- 31. ág.	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Gunnlaugs saga kynnt og lestur hafinn, ýmis verkefnavinna. Stafsetning: Gullvör		21. ág. Skólasetning. Kynning námsefnis og upphaf yfirferðar.
september	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Gunnlaugs saga, lestur og verkefnavinna. Stafsetning (Gullvör)/ritun. Kjörbókalestur hefst.	Lesfimiþróf.	29. sept. Starfsdagur
október	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Gunnlaugs saga, verkefnavinna og próf. Ítarefni eftir atvikum. Stafsetning (Gullvör)/ritun.		4. okt. Foreldradagur. 27.-30. okt. Haustleyfi 23.okt - 3.nóv. Þemadagar
nóvember	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Með fjaðrabliki/kjörbækur. Stafsetning (Gullvör)/ritun. Gullvör (málfræðihlutinn).		23. okt- 3. nóv. Þemadagar. 14. nóv. Starfsdagur
desember	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Með fjaðrabliki/kjörbækur. Stafsetning (Gullvör)/ritun. Gullvör (málfræðihlutinn).		19. des. Jólaskemmtun

Með fyrirvara um breytingar á áætlun og námsmati.

Dagsetningar prófa og verkefnaskila verða kynntar með góðum fyrirvara þegar að þeim líður.

Daglegt heimanám er skráð í Mentor.

Vorið 2023



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2023-2024

Námsgögn:

Gullvör (málfræði og stafsetning); Tungutak; Glæpur við fæðingu; (Með fjaðrabliki lesin eftir því sem tími gefst til); efni frá kennara.

Handbækur: Skrifinnur (handbók í stafsetningu); Málvísir (handbók í málfræði) o.fl. eftir atvikum.

Gagnlegar vefsíður:

malid.is (vefgátt sem dregur fram allar tiltækar upplýsingar um það orð sem leitað er að).

snara.is (vefgátt með fjölda orðabóka og uppflettirita).

skolavefurinn.is

Annaráætlun vorið 2023

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
janúar	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Glæpur við fæðingu: Bókin kynnt og lestur hafinn. Fyrsti hluti bókarinnar lesinn og verkefni unnin. Málfræði: Finnur II og Tungutak Stafsetning/ritun.		Lesfimiþróf 2. jan. Starfsdagur 23. jan. Foreldradagur
febrúar	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	GVF lesin heima, verkefni unnin í tíma. Málfræði: Finnur II og Tungutak Stafsetning (Finnur)/ritun.	10. feb. Próf úr VVM, bls. 100-197 í lok mánaðar. Próf úr Tungutaki (nánar á Mentor)	14. feb. Öskudagur (skertur dagur) Vetrarleyfi 19. - 23. feb.
mars	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	GVF lesin heima, verkefni unnin í tíma. Hópverkefni undirbúin. Málfræði: Finnur II og Tungutak Stafsetning(Finnur)/ritun.	Próf úr VVM, bls. 198-296 í lok mánaðar. Próf úr Tungutaki (nánar á Mentor)	6. mars: Starfsdagur 25.mars-1.ap. Páskaleyfi



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2023-2024

apríl	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	GVF, hópverkefni og bókmenntaritgerð undirbúin. Málfræði: Finnur II og Tungutak. Stafsetning(Finnur)/ritun.	Verkefnavinna úr VVM. Skil bókmenntaritgerðar. Próf úr Tungutaki (nánar á Mentor)	25. ap. Sumardagurinn fyrsti
maí	Bókmenntir, málfræði, stafsetning, ritun.	Með fjaðrabliki Málfræði: Finnur II og Tungutak Stafsetning/ritun	Yfirlitspróf í málfræði úr málfræðihluta Finns II. Próf/verkefni úr Fjaðrabliki.	1. maí. Verkalýðsdagurinn 10. maí. Starfsdagur 18. maí. Uppstigningardagur Lesfimiþróf
júní		Samantekt.		5. júní. Ferðadagur 6. júní. Vorhátíð 7. júní: Skólaslit

Með fyrirvara um breytingar á áætlun og námsmati.

Dagsetningar prófa og verkefnaskila verða kynntar með góðum fyrirvara þegar að þeim líður.

Daglegt heimanám er skráð í Mentor.